



## Borgarráð

Efni: Aðalmiðlarasamningar í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki fyrirbyggjandi aðalmiðlarasamninga sem gerðir eru í tengslum við skuldabréfaútgáfu Reykjavíkurborgar og varða viðskiptavakt á eftirmaðaði skuldabréfa borgarsjóðs ásamt samningum um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa. Samningarnir eru samhljóða við fjóra aðalmiðlara: Arion banka, Kviku banka, Íslandsbanka og Landsbanka Íslands.

## Greinargerð:

Reykjavíkurborg endurnýjar árlega aðalmiðlarasamninga um viðskiptavakt á skuldabréfaflokkum Reykjavíkurborgar en viðskiptavakt á eftirmaðaði er ein af forsendum útgáfu skuldabréfaflokkana RVK 53 1, RVKN 35 1 og RVK 19 1. Í þessum samningum er gert ráð fyrir að aðalmiðlarar geti fengið lánafyrirgreiðslu að ákveðinni fjárhæð til að einfalda viðskiptaferli með skuldabréfaviðskiptin.

Aðalmiðlarar vegna skuldabréfaflokka borgarinnar eru eftirtaldar fjármálastofnanir sem sinna viðskiptavaktinni: Arion banki, Íslandsbanki, Kvika banki og Landsbanki Íslands.


Samningarnir eru nánast óbreyttir frá fyrra ári að undanskildu viðmiði ávöxtunar á veði í formi reiðufjár en það hækkar úr 0,5% í 1,0%. Þessi breyting er gerð þar sem vextir hafa breyst.

Tilgangur viðskiptavaktar er að styrkja aðgang Reykjavíkurborgar að lánsfé og efla verðmyndun á eftirmaðaði með skuldabréfin með það að markmiði að ná hagstæðum kjörum.

Birgir Björn Sigurjónsson

fjármálastjóri Reykjavíkurborgar





# Reykjavíkurborg

Aðalmiðlarasamningur í tengslum við útgáfu  
skuldabréfa Reykjavíkurborgar og  
viðskiptavakt á eftirmarkaði

## Aðalmiðlarasamningur í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt á eftirmarkaði

Reykjavíkurborg., kt. 530269-7609, og Arion banki hf., kt. 581008-0150, hér eftir nefndur aðalmiðlari, gera með sér eftirfarandi samning um aðalmiðlarakerfi í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt með bréf Reykjavíkurborgar á eftirmarkaði.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir verða við aðra aðalmiðlara.

Markmið þessa samnings er að viðhalda aðgengi Reykjavíkurborgar að lánsfé og að efla verðmyndun á eftirmarkaði með skuldabréfin og stuðla að auknum seljanleika þeirra.

### 1. gr.

#### Útboð skuldabréfa og aðgangur aðalmiðlara að þeim

- i. Útboð skuldabréfa Reykjavíkurborgar verða haldin með reglubundnum hætti og tilkynnt í fréttakerfi NASDAQ OMX á Íslandi a.m.k. einum viðskiptadegi fyrir útboð.
- ii. Einungis aðalmiðlarar hafa heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum skuldabréfanna.

### 2. gr.

#### Skyldur aðalmiðlara í útboðum

Aðalmiðlari skuldbindur sig til að leggja fram tilboð að lágmarki 100 m.kr. að nafnverði samanlagt í þá flokka sem í boði eru í hverju útboði, að hámarki þó einu sinni í hverjum mánuði. Tilboð skulu vera í samræmi við útboðsskilmála og taka mið af markaðsverði þegar útgefina bréfa í sama flokki. Ef aðalmiðlari sendir ekki inn tilboð í einstöku útboði og tilkynnir ekki um ástæður þess áður en útboðsfrestur rennur út hefur Reykjavíkurborg heimild til þess að lækka þóknun til hans sem nemur fastri þóknun fyrir þann mánuð í hvert sinn sem slíkt gerist.

### 3. gr.

#### Skyldur aðalmiðlara á eftirmarkaði

Aðalmiðlari skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í NASDAQ OMX á Íslandi fyrir opnun markaðar í þá flokka sem falla undir 5. grein.

Lágmarkstilboðsskylda er í samræmi við flokka skuldabréfa og er útlistuð í 5. grein. Jafnframt er aðalmiðlara skylt að endurnýja tilboð sín í kauphöllinni innan 15 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða aðalmiðlara ákvarðast af verði gildra tilboða og má mest vera 1,0%.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 150 m.kr. að nafnvirði í RVK 53 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskiptadags í þeim flokki.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 60 m.kr. að nafnvirði í RVKN 35 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskiptadags í þeim flokki.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 60 m.kr. að nafnvirði í RVK 19 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskiptadags í þeim flokki.

Aðalmiðlari heimilar Reykjavíkurborg aðgang að upplýsingum um tilboð og viðskipti sín í NASDAQ OMX á Íslandi með þá flokka skuldabréfa Reykjavíkurborgar sem undir samning þennan falla.

4. gr.

#### Greiðsla og útreikningur þóknunar

Til ráðstöfunar fyrir alla aðalmiðlarana eru samtals 42,0 milljónir króna, sem Reykjavíkurborg greiðir aðalmiðlurum tvisvar á ári, 21,0 milljónir í hvort sinn, á meðan á samningstímanum stendur, miðað við eftirfarandi forsendur:

- i. 2/3 hlutar þóknunar skiptist jafnt milli aðalmiðlara eftir fjölda þeirra. Ef einhver aðalmiðlari bætist í hópinn þegar liðið er á tímabilið eða hættir þegar liðið er á það skal hann hljóta hlutfallslega þóknun í samræmi við það tímabil sem hann sinnir viðskiptavaktinni.
- ii. 1/3 hluti þóknunar reiknast af markaðshlutdeild aðalmiðlara í viðskiptum allra aðalmiðlara í NASDAQ OMX á Íslandi (viðskipti tilgreind „AUTO“) með þá flokka sem tilgreindir eru í 5. gr. næstliðna sex almanaksmánuði. Við útreikning á þóknun verður einungis tekið tillit til viðskipta aðalmiðlara en ekki viðskipta annarra miðlara hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Tímabil uppreiknings þóknana er frá og með 25. maí 2017 til 24. nóvember 2017 og frá og með 25. nóvember 2017 til 24. maí 2018.

Greiðsla þóknunar samkvæmt ofangreindu skal eiga sér stað innan sjö daga frá lokum tímabils.

Reykjavíkurborg greiðir þátttakendum í útboði 0,15% þóknun af söluverði þeirra skuldabréfa sem viðkomandi kaupir í hverju útboði.

5. gr.

### Flokkar skuldabréfa

Skuldabréfaflokkarnir og lágmarkstilboðsskylda hvers flokks sem samningur þessi nær til varðandi viðskiptavakt á eftirmarkaði er eftirfarandi:

Skuldabréfaflokkur	Tilboðsskylda
RVK 53 1	50 m.kr.
RVKN 35 1	20 m.kr.
RVK 19 1	20 m.kr.

6. gr.

### Áhrif markaðstruflana

Ef alvarleg truflun verður á markaði getur Reykjavíkurborg að undangengnum símafundi og að fenginni umsögn aðalmiðlara, fellt einstök ákvæði þessa samnings tímabundið úr gildi.

Viðskiptavaka er jafnframt heimilt, í samráði við Reykjavíkurborg, að falla frá skyldum sínum skv. samningi þessum til þess að leggja fram kaup- og sölutilboð, tímabundið eða varanlega, hvenær sem er á samningstímanum ef markaðsaðstæður eru með þeim hætti að verðmyndum með skuldabréfin í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi er óviss, hrun verður á markaði, viðskipti er stöðvuð tímabundið eða þeim hætt eða ef staða Reykjavíkurborg er þannig hátt að óvissa er um getu hennar til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar.

7. gr.

### Samskipti og upplýsingagjöf

Aðalmiðlari skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg heldur fundi með aðalmiðlurum eftir því sem hann telur þörf á.

8. gr.

### Fyrirgreiðsla til aðalmiðlara

Reykjavíkurborg veitir viðskiptavökum sérstaka fyrirgreiðslu og eru reglur um hana í viðauka sem fylgir þessum samningi og heldur gildi sínu á meðan samningur þessi er í gildi. Fyrirgreiðslan felst í því að aðalmiðlalarar mega einir fá sérstök verðbréfalan hjá Reykjavíkurborg, gegn tryggingu.

9. gr.

### Kaup útgefanda á eigin bréfum

Til þess að styðja við eðlilega verðmyndun getur Reykjavíkurborg keypt skuldabréf sín af viðskiptavökum og skal hann gefa þeim öllum færi á að bjóða bréf til sölu.

10. gr.

### Ábyrgð

Aðilar samningsins eru undanþegnir ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (Force Majeure), s.s. breytingu á lögum, aðgerðum yfirvalda, náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, rafmagnsleysi, bilun á fjarskiptasambandi, atvikum sem valda vatnstjóni, eldsvoða, verkfalli, hafnbanni, viðskiptabanni eða verkabanni. Að því er varðar verkfall, hafnbann, viðskiptabann og verkabann gildir ofangreind undanþága frá ábyrgð jafnvel þó aðili samningsins sé sjálfur þolandi eða gerandi í slíkri aðgerð.

Ef aðila er ekki unnt að efna skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, að hluta til eða öllu leyti, vegna óviðráðanlegra atvika, sbr. 1. málsgrein, er aðila heimilt að fresta því að efna þær skyldur þar til honum er það kleift.

Samningsaðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda gagnaðila sínum í tengslum við samning þennan ef fyrrnefndur samningsaðili hefur hegðað sér í samræmi við almennt viðurkenndar hegðunarreglur. Samningsaðili er einnig undanþeginn ábyrgð í öðrum tilvikum í samræmi við almennar reglur um skaðabætur.

11. gr.

### Nýir aðalmiðlarar

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að gera samhljóða samninga við nýja aðalmiðlara á samningstímanum og myndi slíkur samningur gilda frá undirskrift og ekki vera afturvirkur hvað varðar hlutdeild í þóknunum.

12. gr.

### Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi tekur gildi 25. maí 2017 og gildir til 24. maí 2018. Telji annar samningsaðilinn að alvarleg brot hafi verið gerð á samningi þessum getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Aðilar samnings þessa geta hvor um sig sagt honum upp hvenær sem er með einnar viku fyrirvara án þess að nefna fyrir því sérstakar ástæður. Uppsögn skal tilkynnt skriflega til mótaðila.

Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt á eftirmarkaði hafi þeir verið til staðar.


CM  
SKS

Reykjavík, maí 2017

f.h. Reykjavíkurborgar,  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

---

f.h. Arion banka

  
Sigurður P. Steinarsson



*Viðaukasamningur við samning aðila um viðskiptavakt skuldabréfa á NASDAQ OMX á Íslandi og aðgang að útboðum.*

## **Samningur um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa**

Í dag gerðu Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Arion banki hf., kt. 581008-0150, hér eftir nefndur *viðskiptavaki*, með sér samning um viðskiptavakt á NASDAQ OMX á Íslandi með tiltekin skuldabréf útgefanda hér eftir nefndur *aðalmiðlarasamningurinn*. Með vísan til 8. gr. aðalmiðlarasamningsins gera aðilar hans hér með sér þennan viðaukasamning um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa, hér eftir nefndur *viðauki*.

### **1. gr. Fyrirgreiðsla**

Samkvæmt 8. gr. aðalmiðlarasamningsins á viðskiptavaki kost á að fá tímabundið lánuð skuldabréf hjá útgefanda í flokki RVK 53 1, RVKN 35 1 og RVK 19 1 (hér eftir nefnd lánsbréf) gegn því að setja reiðufé að veði. Viðskiptavaki á kost á að fá lánsbréf að hámarki 200.000.000 kr. í flokki RVK 53 1 og 80.000.000 kr. í flokkum RVKN 35 1 og RVK 19 1. Miðað er við nafnverð hverju sinni.

Viðskiptavakar hafa einir aðgang að fyrirgreiðslu þessari eins og fram kemur í 8. gr. aðalmiðlarasamningsins.

### **2. gr. Lánstími**

Lánstími skal að hámarki vera 28 dagar, þ.e. vikudagur til sama vikudags fjórum vikum síðar. Beri uppgjörsdag upp á frídag skal uppgjör færast til síðasta viðskiptadags þar á undan í viðskiptakerfi NASDAQ OMX á Íslandi.

### **3. gr. Veð**

Viðskiptavaki skal leggja fram veð í formi reiðufjár inná bankareikning útgefanda. Reykjavíkurborg skal varðveita veðið með tryggum hætti og halda því aðgreindu frá öðrum eignum sínum.

Ávöxtun veðsetts reiðufjár skal taka mið af innlánsvöxtum Seðlabanka Íslands á samningsdegi að frádregnu 1.00% (prósentustigi).

### **4. gr. Upphaf viðskipta**

Viðskiptavaki getur óskað eftir að fá lánuð verðbréf hjá Reykjavíkurborg þar til 20 mínútum eftir lokun í NASDAQ OMX á Íslandi alla viðskiptadaga (eigi síðar en kl. 15:50.) Lánsbeiðni þarf að senda í tölvupósti til Reykjavíkurborgar á tilsettum tíma og henni þarf tafarlaust að fylgja eftir með símtali svo tryggt sé að hún komist til skila.

Berist jákvætt svar frá Reykjavíkurborg skal viðskiptavaki leggja fram veð eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi (eigi síðar en kl. 16:05).

Reykjavíkurborg skal afhenda lánsbréfin í síðasta lagi 50 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi daginn sem lánsamningur er gerður, að því tilskyldu að veð hafi sannarlega verið lagt fram.

## 5. gr. Samningur

Reykjavíkurborg og viðskiptavaki skulu hverju sinni gera með sér lánsamning þar sem fram kemur m.a.:

- Lýsing á verðbréfum þeim sem notuð eru í viðskiptunum
- Fjöldi verðbréfa sem samningur nær yfir
- Uppgjörsdagur
- Upphafs- og lokaverð
- Fjárhæð reiðufjár sem lagt er fram til tryggingar láninu
- Vörslureikningsnúmer útgefanda og reikningsnúmer viðskiptavaka vegna reiðufjár sem viðskiptavaki afhendir sem veð.

Viðskiptavaki skal afhenda Reykjavíkurborg undirritaðan lánsamning í síðasta lagi kl. 12 á hádegi næsta viðskiptadag í NASDAQ OMX á Íslandi.

## 6. gr. Uppgjör

Á uppgjörssdegi samnings skal viðskiptavaki skila lánsbréfunum á reikning Reykjavíkurborgar hjá Verðbréfaskráningu Íslands eigi síðar en 20 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi.

Þegar viðskiptavaki hefur skilað lánsbréfunum skilar útgefandi hinu veðsetta til viðskiptavaka, eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi.

Reiðufé skal skilað inná reikning viðskiptavaka, ásamt áföllnum vöxtum, sem tilgreindur er í lánsamningi aðila.

## 7. gr. Vanefndir

Afhendi aðilar ekki lánsbréfin eða eftir atvikum veðsett reiðufé á uppgjörssdegi skv. lánsamningi skal viðkomandi aðili greiða dráttarvexti eins og þeir eru skráðir hjá Seðlabanka Íslands síðasta viðskiptadag fyrir viðskiptin. Dráttarvextir reiknast af upphafsverði lánsbréfanna eða höfuðstól reiðufjárveðs, frá uppgjörssdegi skv. lánsamningi og þar til lánsbréfum eða eftir atvikum hinu veðsetta reiðufé hefur verið skilað.

Telji viðskiptavaki sýnt að Reykjavíkurborg muni ekki geta skilað veðtryggingu gegn skilum á lánsbréfum, varanlega eða tímabundið, skal viðskiptavaka heimilt að halda lánsbréfum eftir meðan slíkt ástand varir.

Líði þrír viðskiptadagar frá því lánsamningurinn rann út án þess að lánsbréfunum eða eftir atvikum hinu veðsetta sé skilað, hefur sá aðili sem ekki hefur vanefnt afhendingu, heimild til að selja þau bréf sem hann hefur í vörslum sínum og verja andvirði þeirra, eða eftir atvikum veðsettu reiðufé, til að kaupa sambærileg skuldabréf í stað þeirra sem ekki eru afhent á uppgjörssdegi. Þeim aðila sem ekki er í vanskilum er einnig heimilt að innheimta kostnað og bætur fyrir þann beina skaða sem hlýst af vanefndum gagnaðila. Ef andvirði hins veðsetta eða eftir atvikum lánsbréfa, sem ekki eru réttilega afhent á uppgjörssdegi, er umfram kostnað við endurkaup skv. framangreindu rennur mismunurinn til þess sem vanefnt hefur lánsamninginn.

Brjótí viðskiptavaki gegn ákvæðum viðauka þessa getur Reykjavíkurborg jafnframt án fyrirvara útilokað viðskiptavaka frá frekari viðskiptum, sem undir viðaukann falla.

#### **8. gr. Þóknun og annar kostnaður**

Reykjavíkurborg er heimilt að reikna sér þóknun sem nema skal 20.000 kr. fyrir hvern lánsamning sem gerður er. Þóknun skal greidd á samningsdegi.

Falli kostnaður á Reykjavíkurborg vegna vörslu hins veðsetta á samningstímanum, t.d. skráningar-, vörslu- eða færslugjöld, er Reykjavíkurborg heimilt að innheimta hann hjá viðskiptavaka.

#### **9. gr. Greiðslur af lánuðum verðbréfum**

Ef greiðslur í formi arðs, vaxta eða afborgana eru inntar af hendi vegna lánsbréfa í vörslu viðskiptavaka ber viðskiptavaka að greiða Reykjavíkurborg umræddar greiðslur sem og aðrar greiðslur sem flokkurinn ber. Við greiðslu á viðskiptavaki kost á að fá afhent til baka hluta veða sem svara til lækkunar lokaverðs lánsbréfs vegna greiðslunnar.

Reykjavíkurborg er heimilt að krefjast dráttarvaxta ef greiðslur skv. ofangreindu, sem réttilega hafa borist viðskiptavaka, eru ekki inntar af hendi á gjalddaga. Jafnframt er Reykjavíkurborg heimilt að krefjast aukinna trygginga ef slíkar greiðslur eru ekki inntar af hendi innan þriggja daga frá gjalddaga.

#### **10. gr. Gildistími**

Viðauki þessi tekur gildi 25. maí 2017 og gildir til 24. maí 2018, eins og meðfylgjandi samningur milli aðila um viðskiptavakt skuldabréfa á NASDAQ OMX á Íslandi. Viðauki þessi skal falla úr gildi á sama tíma og samningurinn.


Viðskiptavaka er þó heimilt hvenær sem er á gildistíma lánsamnings skv. 5. gr. að skila lánsbréfum þótt uppgjörsdagur sé ekki kominn og fá endurgreidda veðtryggingu í samræmi við 6. gr. samnings þessa.

Reykjavík, maí 2017.

F.h. Reykjavíkurborgar


---

F.h. Arion banka



Sigurður R. Steinarsson





# Reykjavíkurborg

Aðalmiðlarasamningur í tengslum við útgáfu  
skuldabréfa Reykjavíkurborgar og  
viðskiptavakt á eftirmarkaði

## Aðalmiðlarasamningur í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt á eftirmarkaði

Reykjavíkurborg., kt. 530269-7609, og Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, hér eftir nefndur aðalmiðlari, gera með sér eftirfarandi samning um aðalmiðlarakerfi í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt með bréf Reykjavíkurborgar á eftirmarkaði.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir verða við aðra aðalmiðlara.

Markmið þessa samnings er að viðhalda aðgengi Reykjavíkurborgar að lánsfé og að efla verðmyndun á eftirmarkaði með skuldabréfin og stuðla að auknum seljanleika þeirra.

### 1. gr.

#### Útboð skuldabréfa og aðgangur aðalmiðlara að þeim

- i. Útboð skuldabréfa Reykjavíkurborgar verða haldin með reglubundnum hætti og tilkynnt í fréttakerfi NASDAQ OMX á Íslandi a.m.k. einum viðskiptadegi fyrir útboð.
- ii. Einungis aðalmiðlarar hafa heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum skuldabréfanna.

### 2. gr.

#### Skyldur aðalmiðlara í útboðum

Aðalmiðlari skuldbindur sig til að leggja fram tilboð að lágmarki 100 m.kr. að nafnverði samanlagt í þá flokka sem í boði eru í hverju útboði, að hámarki þó einu sinni í hverjum mánuði. Tilboð skulu vera í samræmi við útboðsskilmála og taka mið af markaðsverði þegar útgefina bréfa í sama flokki. Ef aðalmiðlari sendir ekki inn tilboð í einstöku útboði og tilkynnir ekki um ástæður þess áður en útboðsfrestur rennur út hefur Reykjavíkurborg heimild til þess að lækka þóknun til hans sem nemur fastri þóknun fyrir þann mánuð í hvert sinn sem slíkt gerist.

### 3. gr.

#### Skyldur aðalmiðlara á eftirmarkaði

Aðalmiðlari skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í NASDAQ OMX á Íslandi fyrir opnun markaðar í þá flokka sem falla undir 5. grein.

Lágmarkstilboðsskylda er í samræmi við flokka skuldabréfa og er útlistuð í 5. grein. Jafnframt er aðalmiðlara skylt að endurnýja tilboð sín í kauphöllinni innan 15 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða aðalmiðlara ákvarðast af verði gildra tilboða og má mest vera 1,0%.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 150 m.kr. að nafnvirði í RVK 53 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskiptadags í þeim flokki.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 60 m.kr. að nafnvirði í RVKN 35 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskiptadags í þeim flokki.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 60 m.kr. að nafnvirði í RVK 19 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskiptadags í þeim flokki.

Aðalmiðlari heimilar Reykjavíkurborg aðgang að upplýsingum um tilboð og viðskipti sín í NASDAQ OMX á Íslandi með þá flokka skuldabréfa Reykjavíkurborgar sem undir samning þennan falla.

4. gr.

#### Greiðsla og útreikningur þóknunar

Til ráðstöfunar fyrir alla aðalmiðlarana eru samtals 42,0 milljónir króna, sem Reykjavíkurborg greiðir aðalmiðlurum tvisvar á ári, 21,0 milljónir í hvort sinn, á meðan á samningstímanum stendur, miðað við eftirfarandi forsendur:

- i. 2/3 hlutar þóknunar skiptist jafnt milli aðalmiðlara eftir fjölda þeirra. Ef einhver aðalmiðlari bætist í hópinn þegar liðið er á tímabilið eða hættir þegar liðið er á það skal hann hljóta hlutfallslega þóknun í samræmi við það tímabil sem hann sinnir viðskiptavaktinni.
- ii. 1/3 hluti þóknunar reiknast af markaðshlutdeild aðalmiðlara í viðskiptum allra aðalmiðlara í NASDAQ OMX á Íslandi (viðskipti tilgreind „AUTO“) með þá flokka sem tilgreindir eru í 5. gr. næstliðna sex almanaksmánuði. Við útreikning á þóknun verður einungis tekið tillit til viðskipta aðalmiðlara en ekki viðskipta annarra miðlara hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Tímabil uppreiknings þóknana er frá og með 25. maí 2017 til 24. nóvember 2017 og frá og með 25. nóvember 2017 til 24. maí 2018.

Greiðsla þóknunar samkvæmt ofangreindu skal eiga sér stað innan sjö daga frá lokum tímabils.

Reykjavíkurborg greiðir þátttakendum í útboði 0,15% þóknun af söluverði þeirra skuldabréfa sem viðkomandi kaupir í hverju útboði.

5. gr.

### Flokkar skuldabréfa

Skuldabréfaflokkarnir og lágmarkstilboðsskylda hvers flokks sem samningur þessi nær til varðandi viðskiptavakt á eftirmarkaði er eftirfarandi:

Skuldabréfaflokkur	Tilboðsskylda
RVK 53 1	50 m.kr.
RVKN 35 1	20 m.kr.
RVK 19 1	20 m.kr.

6. gr.

### Áhrif markaðstruflana

Ef alvarleg truflun verður á markaði getur Reykjavíkurborg að undangengnum símafundi og að fenginni umsögn aðalmiðlara, fellt einstök ákvæði þessa samnings tímabundið úr gildi.

Viðskiptavaka er jafnframt heimilt, í samráði við Reykjavíkurborg, að falla frá skyldum sínum skv. samningi þessum til þess að leggja fram kaup- og sölutilboð, tímabundið eða varanlega, hvenær sem er á samningstímanum ef markaðsaðstæður eru með þeim hætti að verðmyndum með skuldabréfin í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi er óviss, hrun verður á markaði, viðskipti er stöðvuð tímabundið eða þeim hætt eða ef staða Reykjavíkurborg er þannig háttað að óvissa er um getu hennar til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar.

7. gr.

### Samskipti og upplýsingagjöf

Aðalmiðlari skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg heldur fundi með aðalmiðlurum eftir því sem hann telur þörf á.

8. gr.

### Fyrirgreiðsla til aðalmiðlara

Reykjavíkurborg veitir viðskiptavökum sérstaka fyrirgreiðslu og eru reglur um hana í viðauka sem fylgir þessum samningi og heldur gildi sínu á meðan samningur þessi er í gildi. Fyrirgreiðslan felst í því að aðalmiðlarar mega einir fá sérstök verðbréfalán hjá Reykjavíkurborg, gegn tryggingu.



9. gr.

### Kaup útgefanda á eigin bréfum

Til þess að styðja við eðlilega verðmyndun getur Reykjavíkurborg keypt skuldabréf sín af viðskiptavökum og skal hann gefa þeim öllum færi á að bjóða bréf til sölu.

10. gr.

### Ábyrgð

Aðilar samningsins eru undanþegnir ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (Force Majeure), s.s. breytingu á lögum, aðgerðum yfirvalda, náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, rafmagnsleysi, bilun á fjarskiptasambandi, atvikum sem valda vatnstjóni, eldsvoða, verkfalli, hafnbanni, viðskiptabanni eða verkabanni. Að því er varðar verkfall, hafnbann, viðskiptabann og verkabann gildir ofangreind undanþága frá ábyrgð jafnvel þó aðili samningsins sé sjálfur þolandi eða gerandi í slíkri aðgerð.

Ef aðila er ekki unnt að efna skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, að hluta til eða öllu leyti, vegna óviðráðanlegra atvika, sbr. 1. málsgrein, er aðila heimilt að fresta því að efna þær skyldur þar til honum er það kleift.

Samningsaðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda gagnaðila sínum í tengslum við samning þennan ef fyrrnefndur samningsaðili hefur hegðað sér í samræmi við almennt viðurkenndar hegðunarreglur. Samningsaðili er einnig undanþeginn ábyrgð í öðrum tilvikum í samræmi við almennar reglur um skaðabætur.

11. gr.

### Nýir aðalmiðlarar

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að gera samhljóða samninga við nýja aðalmiðlara á samningstímanum og myndi slíkur samningur gilda frá undirskrift og ekki vera afturvirkur hvað varðar hlutdeild í þóknunum.

12. gr.

### Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi tekur gildi 25. maí 2017 og gildir til 24. maí 2018. Telji annar samningsaðilinn að alvarleg brot hafi verið gerð á samningi þessum getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Aðilar samnings þessa geta hvor um sig sagt honum upp hvenær sem er með einnar viku fyrirvara án þess að nefna fyrir því sérstakar ástæður. Uppsögn skal tilkynnt skriflega til mótaðila.

Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt á eftirmarkaði hafi þeir verið til staðar.

Reykjavík, maí 2017

f.h. Reykjavíkurborgar,  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

---

f.h. Íslandsbanka

*Turmi Jónsson*  

---

*Lárus Rótt*

*Viðaukasamningur við samning aðila um viðskiptavakt skuldabréfa á NASDAQ OMX á Íslandi og aðgang að útboðum.*

## **Samningur um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa**

Í dag gerðu Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, hér eftir nefndur *viðskiptavaki*, með sér samning um viðskiptavakt á NASDAQ OMX á Íslandi með tiltekin skuldabréf útgefanda hér eftir nefndur *aðalmiðlarasamningurinn*. Með vísan til 8. gr. aðalmiðlarasamningsins gera aðilar hans hér með sér þennan viðaukasamning um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa, hér eftir nefndur *viðauki*.

### **1. gr. Fyrirgreiðsla**

Samkvæmt 8. gr. aðalmiðlarasamningsins á viðskiptavaki kost á að fá tímabundið lánuð skuldabréf hjá útgefanda í flokki RVK 53 1, RVKN 35 1 og RVK 19 1 (hér eftir nefnd lánbréf) gegn því að setja reiðufé að veði. Viðskiptavaki á kost á að fá lánbréf að hámarki 200.000.000 kr. í flokki RVK 53 1 og 80.000.000 kr. í flokkum RVKN 35 1 og RVK 19 1. Miðað er við nafnverð hverju sinni.

Viðskiptavakar hafa einir aðgang að fyrirgreiðslu þessari eins og fram kemur í 8. gr. aðalmiðlarasamningsins.

### **2. gr. Lánstími**

Lánstími skal að hámarki vera 28 dagar, þ.e. vikudagur til sama vikudags fjórum vikum síðar. Beri uppgjörsdag upp á frídag skal uppgjör færast til síðasta viðskiptadags þar á undan í viðskiptakerfi NASDAQ OMX á Íslandi.

### **3. gr. Veð**

Viðskiptavaki skal leggja fram veð í formi reiðufjár inná bankareikning útgefanda. Reykjavíkurborg skal varðveita veðið með tryggum hætti og halda því aðgreindu frá öðrum eignum sínum.

Ávöxtun veðsetts reiðufjár skal taka mið af innlánsvöxtum Seðlabanka Íslands á samningsdegi að frádregnu 1.00% (prósentustigi).

### **4. gr. Upphaf viðskipta**

Viðskiptavaki getur óskað eftir að fá lánuð verðbréf hjá Reykjavíkurborg þar til 20 mínútum eftir lokun í NASDAQ OMX á Íslandi alla viðskiptadaga (eigi síðar en kl. 15:50.) Lánsbeiðni þarf að senda í tölvupósti til Reykjavíkurborgar á tilsettum tíma og henni þarf tafarlaust að fylgja eftir með símtali svo tryggt sé að hún komist til skila.

Berist jákvætt svar frá Reykjavíkurborg skal viðskiptavaki leggja fram veð eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi (eigi síðar en kl. 16:05).

Reykjavíkurborg skal afhenda lánbréfin í síðasta lagi 50 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi daginn sem lánsamningur er gerður, að því tilskyldu að veð hafi sannarlega verið lagt fram.

## 5. gr. Samningur

Reykjavíkurborg og viðskiptavaki skulu hverju sinni gera með sér lánsamning þar sem fram kemur m.a.:

- Lýsing á verðbréfum þeim sem notuð eru í viðskiptunum
- Fjöldi verðbréfa sem samningur nær yfir
- Uppgjörsdagur
- Upphafs- og lokaverð
- Fjárhæð reiðufjár sem lagt er fram til tryggingar láninu
- Vörslureikningsnúmer útgefanda og reikningsnúmer viðskiptavaka vegna reiðufjár sem viðskiptavaki afhendir sem veð.

Viðskiptavaki skal afhenda Reykjavíkurborg undirritaðan lánsamning í síðasta lagi kl. 12 á hádegi næsta viðskiptadag í NASDAQ OMX á Íslandi.

## 6. gr. Uppgjör

Á uppgjörssdegi samnings skal viðskiptavaki skila lánsbréfunum á reikning Reykjavíkurborgar hjá Verðbréfaskráningu Íslands eigi síðar en 20 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi.

Þegar viðskiptavaki hefur skilað lánsbréfunum skilar útgefandi hinu veðsetta til viðskiptavaka, eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi.

Reiðufé skal skilað inná reikning viðskiptavaka, ásamt áföllnum vöxtum, sem tilgreindur er í lánsamningi aðila.

## 7. gr. Vanefndir

Afhendi aðilar ekki lánsbréfin eða eftir atvikum veðsett reiðufé á uppgjörssdegi skv. lánsamningi skal viðkomandi aðili greiða dráttarvexti eins og þeir eru skráðir hjá Seðlabanka Íslands síðasta viðskiptadag fyrir viðskiptin. Dráttarvextir reiknast af upphafsverði lánsbréfanna eða höfuðstól reiðufjárveðs, frá uppgjörssdegi skv. lánsamningi og þar til lánsbréfum eða eftir atvikum hinu veðsetta reiðufé hefur verið skilað.

Telji viðskiptavaki sýnt að Reykjavíkurborg muni ekki geta skilað veðtryggingu gegn skilum á lánsbréfum, varanlega eða tímabundið, skal viðskiptavaka heimilt að halda lánsbréfum eftir meðan slíkt ástand varir.

Líði þrír viðskiptadagar frá því lánsamningurinn rann út án þess að lánsbréfunum eða eftir atvikum hinu veðsetta sé skilað, hefur sá aðili sem ekki hefur vanefnt afhendingu, heimild til að selja þau bréf sem hann hefur í vörslum sínum og verja andvirði þeirra, eða eftir atvikum veðsettu reiðufé, til að kaupa sambærileg skuldabréf í stað þeirra sem ekki eru afhent á uppgjörssdegi. Þeim aðila sem ekki er í vanskilum er einnig heimilt að innheimta kostnað og bætur fyrir þann beina skaða sem hlýst af vanefndum gagnaðila. Ef andvirði hins veðsetta eða eftir atvikum lánsbréfa, sem ekki eru réttilega afhent á uppgjörssdegi, er umfram kostnað við endurkaup skv. framangreindu rennur mismunurinn til þess sem vanefnt hefur lánsamninginn.

Brjótí viðskiptavaki gegn ákvæðum viðauka þessa getur Reykjavíkurborg jafnframt án fyrirvara útilokað viðskiptavaka frá frekari viðskiptum, sem undir viðaukann falla.

#### **8. gr. Þóknun og annar kostnaður**

Reykjavíkurborg er heimilt að reikna sér þóknun sem nema skal 20.000 kr. fyrir hvern lánsamning sem gerður er. Þóknun skal greidd á samningsdegi.

Falli kostnaður á Reykjavíkurborg vegna vörslu hins veðsetta á samningstímanum, t.d. skráningar-, vörslu- eða færslugjöld, er Reykjavíkurborg heimilt að innheimta hann hjá viðskiptavaka.

#### **9. gr. Greiðslur af lánuðum verðbréfum**

Ef greiðslur í formi arðs, vaxta eða afborgana eru inntar af hendi vegna lánsbréfa í vörslu viðskiptavaka ber viðskiptavaka að greiða Reykjavíkurborg umræddar greiðslur sem og aðrar greiðslur sem flokkurinn ber. Við greiðslu á viðskiptavaki kost á að fá afhent til baka hluta veða sem svara til lækkunar lokaverðs lánsbréfs vegna greiðslunnar.

Reykjavíkurborg er heimilt að krefjast dráttarvaxta ef greiðslur skv. ofangreindu, sem réttilega hafa borist viðskiptavaka, eru ekki inntar af hendi á gjalddaga. Jafnframt er Reykjavíkurborg heimilt að krefjast aukinna trygginga ef slíkar greiðslur eru ekki inntar af hendi innan þriggja daga frá gjalddaga.

#### **10. gr. Gildistími**



Viðauki þessi tekur gildi 25. maí 2017 og gildir til 24. maí 2018, eins og meðfylgjandi samningur milli aðila um viðskiptavakt skuldabréfa á NASDAQ OMX á Íslandi. Viðauki þessi skal falla úr gildi á sama tíma og samningurinn.

Viðskiptavaka er þó heimilt hvenær sem er á gildistíma lánsamnings skv. 5. gr. að skila lánsbréfum þótt uppgjörsdagur sé ekki kominn og fá endurgreidda veðtryggingu í samræmi við 6. gr. samnings þessa.


Reykjavík, maí 2017.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Íslandsbanka





# Reykjavíkurborg

Aðalmiðlarasamningur í tengslum við útgáfu  
skuldabréfa Reykjavíkurborgar og  
viðskiptavakt á eftirmarkaði

## Aðalmiðlarasamningur í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt á eftirmarkaði

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Kvika banki hf., kt. 540502-2930, hér eftir nefndur aðalmiðlari, gera með sér eftirfarandi samning um aðalmiðlarakerfi í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt með bréf Reykjavíkurborgar á eftirmarkaði.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir verða við aðra aðalmiðlara.

Markmið þessa samnings er að viðhalda aðgengi Reykjavíkurborgar að lánsfé og að efla verðmyndun á eftirmarkaði með skuldabréfin og stuðla að auknum seljanleika þeirra.

### 1. gr.

#### Útboð skuldabréfa og aðgangur aðalmiðlara að þeim

- i. Útboð skuldabréfa Reykjavíkurborgar verða haldin með reglubundnum hætti og tilkynnt í fréttakerfi NASDAQ OMX á Íslandi a.m.k. einum viðskiptadegi fyrir útboð.
- ii. Einungis aðalmiðlarar hafa heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum skuldabréfanna.

### 2. gr.

#### Skyldur aðalmiðlara í útboðum

Aðalmiðlari skuldbindur sig til að leggja fram tilboð að lágmarki 100 m.kr. að nafnverði samanlagt í þá flokka sem í boði eru í hverju útboði, að hámarki þó einu sinni í hverjum mánuði. Tilboð skulu vera í samræmi við útboðsskilmála og taka mið af markaðsverði þegar útgefina bréfa í sama flokki. Ef aðalmiðlari sendir ekki inn tilboð í einstöku útboði og tilkynnir ekki um ástæður þess áður en útboðsfrestur rennur út hefur Reykjavíkurborg heimild til þess að lækka þóknun til hans sem nemur fastri þóknun fyrir þann mánuð í hvert sinn sem slíkt gerist.

### 3. gr.

#### Skyldur aðalmiðlara á eftirmarkaði

Aðalmiðlari skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í NASDAQ OMX á Íslandi fyrir opnun markaðar í þá flokka sem falla undir 5. grein.

Lágmarkstilboðsskylda er í samræmi við flokka skuldabréfa og er útlistuð í 5. grein. Jafnframt er aðalmiðlara skylt að endurnýja tilboð sín í kauphöllinni innan 15 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða aðalmiðlara ákvarðast af verði gildra tilboða og má mest vera 1,0%.

GÖS MTE



Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 150 m.kr. að nafnvirði í RVK 53 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskipadags í þeim flokki.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 60 m.kr. að nafnvirði í RVKN 35 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskipadags í þeim flokki.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 60 m.kr. að nafnvirði í RVK 19 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskipadags í þeim flokki.

Aðalmiðlari heimilar Reykjavíkurborg aðgang að upplýsingum um tilboð og viðskipti sín í NASDAQ OMX á Íslandi með þá flokka skuldabréfa Reykjavíkurborgar sem undir samning þennan falla.

#### 4. gr.

### Greiðsla og útreikningur þóknunar

Til ráðstöfunar fyrir alla aðalmiðlarana eru samtals 42,0 milljónir króna, sem Reykjavíkurborg greiðir aðalmiðlurum tvisvar á ári, 21,0 milljónir í hvort sinn, á meðan á samningstímanum stendur, miðað við eftirfarandi forsendur:

- i. 2/3 hlutar þóknunar skiptist jafnt milli aðalmiðlara eftir fjölda þeirra. Ef einhver aðalmiðlari bætist í hópinn þegar liðið er á tímabilið eða hættir þegar liðið er á það skal hann hljóta hlutfallslega þóknun í samræmi við það tímabil sem hann sinnir viðskiptavaktinni.
- ii. 1/3 hluti þóknunar reiknast af markaðshlutdeild aðalmiðlara í viðskiptum allra aðalmiðlara í NASDAQ OMX á Íslandi (viðskipti tilgreind „AUTO“) með þá flokka sem tilgreindir eru í 5. gr. næstliðna sex almanaksmánuði. Við útreikning á þóknun verður einungis tekið tillit til viðskipta aðalmiðlara en ekki viðskipta annarra miðlara hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Tímabil uppreiknings þóknana er frá og með 25. maí 2017 til 24. nóvember 2017 og frá og með 25. nóvember 2017 til 24. maí 2018.

Greiðsla þóknunar samkvæmt ofangreindu skal eiga sér stað innan sjö daga frá lokum tímabils.

Reykjavíkurborg greiðir þátttakendum í útboði 0,1% þóknun af söluverði þeirra skuldabréfa sem viðkomandi kaupir í hverju útboði.

Gök

MTE

5. gr.

### Flokkar skuldabréfa

Skuldabréfaflokkarnir og lágmarkstilboðsskylda hvers flokks sem samningur þessi nær til varðandi viðskiptavakt á eftirmarkaði er eftirfarandi:

Skuldabréfaflokkur	Tilboðsskylda
RVK 53 1	50 m.kr.
RVKN 35 1	20 m.kr.
RVK 19 1	20 m.kr.

6. gr.

### Áhrif markaðstruflana

Ef alvarleg truflun verður á markaði getur Reykjavíkurborg að undangengnum símafundi og að fenginni umsögn aðalmiðlara, fellt einstök ákvæði þessa samnings tímabundið úr gildi.

Viðskiptavaka er jafnframt heimilt, í samráði við Reykjavíkurborg, að falla frá skyldum sínum skv. samningi þessum til þess að leggja fram kaup- og sölutilboð, tímabundið eða varanlega, hvenær sem er á samningstímanum ef markaðsaðstæður eru með þeim hætti að verðmyndum með skuldabréfin í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi er óviss, hrun verður á markaði, viðskipti er stöðvuð tímabundið eða þeim hætt eða ef staða Reykjavíkurborg er þannig háttað að óvissa er um getu hennar til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar.

7. gr.

### Samskipti og upplýsingagjöf

Aðalmiðlari skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg heldur fundi með aðalmiðlurum eftir því sem hann telur þörf á.

8. gr.

### Fyrirgreiðsla til aðalmiðlara

Reykjavíkurborg veitir viðskiptavökum sérstaka fyrirgreiðslu og eru reglur um hana í viðauka sem fylgir þessum samningi og heldur gildi sínu á meðan samningur þessi er í gildi. Fyrirgreiðslan felst í því að aðalmiðlalar mega einir fá sérstök verðbréfalán hjá Reykjavíkurborg, gegn tryggingu.

Got  
mt

9. gr.

### Kaup útgefanda á eigin bréfum

Til þess að styðja við eðlilega verðmyndun getur Reykjavíkurborg keypt skuldabréf sín af viðskiptavökum og skal hann gefa þeim öllum færi á að bjóða bréf til sölu.

10. gr.

### Ábyrgð

Aðilar samningsins eru undanþegnir ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (Force Majeure), s.s. breytingu á lögum, aðgerðum yfirvalda, náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, rafmagnsleysi, bilun á fjarskiptasambandi, atvikum sem valda vatnstjóni, eldsvoða, verkfalli, hafnbanni, viðskiptabanni eða verkabanni. Að því er varðar verkfall, hafnbann, viðskiptabann og verkabann gildir ofangreind undanþága frá ábyrgð jafnvel þó aðili samningsins sé sjálfur þolandi eða gerandi í slíkri aðgerð.

Ef aðila er ekki unnt að efna skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, að hluta til eða öllu leyti, vegna óviðráðanlegra atvika, sbr. 1. málsgrein, er aðila heimilt að fresta því að efna þær skyldur þar til honum er það kleift.

Samningsaðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda gagnaðila sínum í tengslum við samning þennan ef fyrrnefndur samningsaðili hefur hegðað sér í samræmi við almennt viðurkenndar hegðunarreglur. Samningsaðili er einnig undanþeginn ábyrgð í öðrum tilvikum í samræmi við almennar reglur um skaðabætur.

11. gr.

### Nýir aðalmiðlarar

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að gera samhljóða samninga við nýja aðalmiðlara á samningstímanum og myndi slíkur samningur gilda frá undirskrift og ekki vera afturvirkur hvað varðar hlutdeild í þóknunum.

12. gr.

### Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi tekur gildi 25. maí 2017 og gildir til 24. maí 2018. Telji annar samningsaðilinn að alvarleg brot hafi verið gerð á samningi þessum getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Aðilar samnings þessa geta hvor um sig sagt honum upp hvenær sem er með einnar viku fyrirvara án þess að nefna fyrir því sérstakar ástæður. Uppsögn skal tilkynnt skriflega til mótaðila.

Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt á eftirmarkaði hafi þeir verið til staðar.

COW  
myc

Reykjavík, 15 maí 2017

f.h. Reykjavíkurborgar,  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

---

f.h. Kviku banka

*Maður I. Einarsson*  
*Einarsson*



*Viðaukasamningur við samning aðila um viðskiptavakt skuldabréfa á NASDAQ OMX á Íslandi og aðgang að útboðum.*

## **Samningur um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa**

Í dag gerðu Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Kvika banki hf., kt. 540502-2930, hér eftir nefndur *viðskiptavaki*, með sér samning um viðskiptavakt á NASDAQ OMX á Íslandi með tiltekin skuldabréf útgefanda hér eftir nefndur *aðalmiðlarasamningurinn*. Með vísan til 8. gr. aðalmiðlarasamningsins gera aðilar hans hér með sér þennan viðaukasamning um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa, hér eftir nefndur *viðauki*.

### **1. gr. Fyrirgreiðsla**

Samkvæmt 8. gr. aðalmiðlarasamningsins á viðskiptavaki kost á að fá tímabundið lánuð skuldabréf hjá útgefanda í flokki RVK 53 1, RVKN 35 1 og RVK 19 1 (hér eftir nefnd lánsbréf) gegn því að setja reiðufé að veði. Viðskiptavaki á kost á að fá lánsbréf að hámarki 200.000.000 kr. í flokki RVK 53 1 og 80.000.000 kr. í flokkum RVKN 35 1 og RVK 19 1. Miðað er við nafnverð hverju sinni.

Viðskiptavakar hafa einir aðgang að fyrirgreiðslu þessari eins og fram kemur í 8. gr. aðalmiðlarasamningsins.

### **2. gr. Lánstími**

Lánstími skal að hámarki vera 28 dagar, þ.e. vikudagur til sama vikudags fjórum vikum síðar. Beri uppgjörsdag upp á frídag skal uppgjör færast til síðasta viðskiptadags þar á undan í viðskiptakerfi NASDAQ OMX á Íslandi.

### **3. gr. Veð**

Viðskiptavaki skal leggja fram veð í formi reiðufjár inná bankareikning útgefanda. Reykjavíkurborg skal varðveita veðið með tryggum hætti og halda því aðgreindu frá öðrum eignum sínum.

Ávöxtun veðsetts reiðufjár skal taka mið af innlánsvöxtum Seðlabanka Íslands á samningsdegi að frádregnu 1.00% (prósentustigi).

### **4. gr. Upphaf viðskipta**

Viðskiptavaki getur óskað eftir að fá lánuð verðbréf hjá Reykjavíkurborg þar til 20 mínútum eftir lokun í NASDAQ OMX á Íslandi alla viðskiptadaga (eigi síðar en kl. 15:50.) Lánsbeiðni þarf að senda í tölvupósti til Reykjavíkurborgar á tilsettum tíma og henni þarf tafarlaust að fylgja eftir með símtali svo tryggt sé að hún komist til skila.

Berist jákvætt svar frá Reykjavíkurborg skal viðskiptavaki leggja fram veð eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi (eigi síðar en kl. 16:05).

Reykjavíkurborg skal afhenda lánsbréfin í síðasta lagi 50 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi daginn sem lánsamningur er gerður, að því tilskyldu að veð hafi sannarlega verið lagt fram.

GD  
MSE

## 5. gr. Samningur

Reykjavíkurborg og viðskiptavaki skulu hverju sinni gera með sér lánsamning þar sem fram kemur m.a.:

- Lýsing á verðbréfum þeim sem notuð eru í viðskiptunum
- Fjöldi verðbréfa sem samningur nær yfir
- Uppgjörsdagur
- Upphafs- og lokaverð
- Fjárhæð reiðufjár sem lagt er fram til tryggingar láninu
- Vörslureikningsnúmer útgefanda og reikningsnúmer viðskiptavaka vegna reiðufjár sem viðskiptavaki afhendir sem veð.

Viðskiptavaki skal afhenda Reykjavíkurborg undirritaðan lánsamning í síðasta lagi kl. 12 á hádegi næsta viðskiptadag í NASDAQ OMX á Íslandi.

## 6. gr. Uppgjör

Á uppgjörssdegi samnings skal viðskiptavaki skila lánsbréfunum á reikning Reykjavíkurborgar hjá Verðbréfaskráningu Íslands eigi síðar en 20 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi.

Þegar viðskiptavaki hefur skilað lánsbréfunum skilar útgefandi hinu veðsetta til viðskiptavaka, eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi.

Reiðufé skal skilað inná reikning viðskiptavaka, ásamt áföllnum vöxtum, sem tilgreindur er í lánsamningi aðila.

## 7. gr. Vanefndir

Afhendi aðilar ekki lánsbréfin eða eftir atvikum veðsett reiðufé á uppgjörssdegi skv. lánsamningi skal viðkomandi aðili greiða dráttarvexti eins og þeir eru skráðir hjá Seðlabanka Íslands síðasta viðskiptadag fyrir viðskiptin. Dráttarvextir reiknast af upphafsverði lánsbréfanna eða höfuðstól reiðufjárveðs, frá uppgjörssdegi skv. lánsamningi og þar til lánsbréfum eða eftir atvikum hinu veðsetta reiðufé hefur verið skilað.

Telji viðskiptavaki sýnt að Reykjavíkurborg muni ekki geta skilað veðtryggingu gegn skilum á lánsbréfum, varanlega eða tímabundið, skal viðskiptavaka heimilt að halda lánsbréfum eftir meðan slíkt ástand varir.

Líði þrír viðskiptadagar frá því lánsamningurinn rann út án þess að lánsbréfunum eða eftir atvikum hinu veðsetta sé skilað, hefur sá aðili sem ekki hefur vanefnt afhendingu, heimild til að selja þau bréf sem hann hefur í vörslum sínum og verja andvirði þeirra, eða eftir atvikum veðsettu reiðufé, til að kaupa sambærileg skuldabréf í stað þeirra sem ekki eru afhent á uppgjörssdegi. Þeim aðila sem ekki er í vanskilum er einnig heimilt að innheimta kostnað og bætur fyrir þann beina skaða sem hlýst af vanefndum gagnaðila. Ef andvirði hins veðsetta eða eftir atvikum lánsbréfa, sem ekki eru réttilega afhent á uppgjörssdegi, er umfram kostnað við endurkaup skv. framangreindu rennur mismunurinn til þess sem vanefnt hefur lánsamninginn.

COS  
MSE

Brjótí viðskiptavaki gegn ákvæðum viðauka þessa getur Reykjavíkurborg jafnframt án fyrirvara útilokað viðskiptavaka frá frekari viðskiptum, sem undir viðaukann falla.

#### **8. gr. Þóknun og annar kostnaður**

Reykjavíkurborg er heimilt að reikna sér þóknun sem nema skal 20.000 kr. fyrir hvern lánsamning sem gerður er. Þóknun skal greidd á samningsdegi.

Falli kostnaður á Reykjavíkurborg vegna vörslu hins veðsetta á samningstímanum, t.d. skráningar-, vörslu- eða færslugjöld, er Reykjavíkurborg heimilt að innheimta hann hjá viðskiptavaka.

#### **9. gr. Greiðslur af lánuðum verðbréfum**

Ef greiðslur í formi arðs, vaxta eða afborgana eru inntar af hendi vegna lánsbréfa í vörslu viðskiptavaka ber viðskiptavaka að greiða Reykjavíkurborg umræddar greiðslur sem og aðrar greiðslur sem flokkurinn ber. Við greiðslu á viðskiptavaki kost á að fá afhent til baka hluta veða sem svara til lækkunar lokaverðs lánsbréfs vegna greiðslunnar.

Reykjavíkurborg er heimilt að krefjast dráttarvaxta ef greiðslur skv. ofangreindu, sem réttilega hafa borist viðskiptavaka, eru ekki inntar af hendi á gjalddaga. Jafnframt er Reykjavíkurborg heimilt að krefjast aukinna trygginga ef slíkar greiðslur eru ekki inntar af hendi innan þriggja daga frá gjalddaga.

#### **10. gr. Gildistími**

Viðauki þessi tekur gildi 25. maí 2017 og gildir til 24. maí 2018, eins og meðfylgjandi samningur milli aðila um viðskiptavakt skuldabréfa á NASDAQ OMX á Íslandi. Viðauki þessi skal falla úr gildi á sama tíma og samningurinn.


Viðskiptavaka er þó heimilt hvenær sem er á gildistíma lánsamnings skv. 5. gr. að skila lánsbréfum þótt uppgjörsdagur sé ekki kominn og fá endurgreidda veðtryggingu í samræmi við 6. gr. samnings þessa.

Reykjavík, 15 maí 2017.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Kviku banka

\_\_\_\_\_

  
Páll I. Einarsson  
Gunnar Örn







# Reykjavíkurborg

Aðalmiðlarasamningur í tengslum við útgáfu  
skuldabréfa Reykjavíkurborgar og  
viðskiptavakt á eftirmarkaði

## Aðalmiðlarasamningur í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt á eftirmarkaði

Reykjavíkurborg., kt. 530269-7609, og Landsbanki Íslands hf., kt. 471008-0280, hér eftir nefndur aðalmiðlari, gera með sér eftirfarandi samning um aðalmiðlarakerfi í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt með bréf Reykjavíkurborgar á eftirmarkaði.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir verða við aðra aðalmiðlara.

Markmið þessa samnings er að viðhalda aðgengi Reykjavíkurborgar að lánsfé og að efla verðmyndun á eftirmarkaði með skuldabréfin og stuðla að auknum seljanleika þeirra.

### 1. gr.

#### Útboð skuldabréfa og aðgangur aðalmiðlara að þeim

- i. Útboð skuldabréfa Reykjavíkurborgar verða haldin með reglubundnum hætti og tilkynnt í fréttakerfi NASDAQ OMX á Íslandi a.m.k. einum viðskiptadegi fyrir útboð.
- ii. Einungis aðalmiðlarar hafa heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum skuldabréfanna.

### 2. gr.

#### Skyldur aðalmiðlara í útboðum

Aðalmiðlari skuldbindur sig til að leggja fram tilboð að lágmarki 100 m.kr. að nafnverði samanlagt í þá flokka sem í boði eru í hverju útboði, að hámarki þó einu sinni í hverjum mánuði. Tilboð skulu vera í samræmi við útboðsskilmála og taka mið af markaðsverði þegar útgefinna bréfa í sama flokki. Ef aðalmiðlari sendir ekki inn tilboð í einstöku útboði og tilkynnir ekki um ástæður þess áður en útboðsfrestur rennur út hefur Reykjavíkurborg heimild til þess að lækka þóknun til hans sem nemur fastri þóknun fyrir þann mánuð í hvert sinn sem slíkt gerist.

### 3. gr.

#### Skyldur aðalmiðlara á eftirmarkaði

Aðalmiðlari skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð í NASDAQ OMX á Íslandi fyrir opnun markaðar í þá flokka sem falla undir 5. grein.

Lágmarkstilboðsskylda er í samræmi við flokka skuldabréfa og er útlístuð í 5. grein. Jafnframt er aðalmiðlara skylt að endurnýja tilboð sín í kauphöllinni innan 15 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða aðalmiðlara ákvarðast af verði gildra tilboða og má mest vera 1,0%.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 150 m.kr. að nafnvirði í RVK 53 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskiptadags í þeim flokki.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 60 m.kr. að nafnvirði í RVKN 35 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskiptadags í þeim flokki.

Eigi aðalmiðlari, á einum viðskiptadegi, viðskipti fyrir samanlagt 60 m.kr. að nafnvirði í RVK 19 1 (viðskipti tilgreind "AUTO") er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða það sem eftir lifir viðskiptadags í þeim flokki.

Aðalmiðlari heimilar Reykjavíkurborg aðgang að upplýsingum um tilboð og viðskipti sín í NASDAQ OMX á Íslandi með þá flokka skuldabréfa Reykjavíkurborgar sem undir samning þennan falla.

4. gr.

#### **Greiðsla og útreikningur þóknunar**

Til ráðstöfunar fyrir alla aðalmiðlarana eru samtals 42,0 milljónir króna, sem Reykjavíkurborg greiðir aðalmiðlurum tvisvar á ári, 21,0 milljónir í hvort sinn, á meðan á samningstímanum stendur, miðað við eftirfarandi forsendur:

- i. 2/3 hlutar þóknunar skiptist jafnt milli aðalmiðlara eftir fjölda þeirra. Ef einhver aðalmiðlari bætist í hópinn þegar liðið er á tímabilið eða hættir þegar liðið er á það skal hann hljóta hlutfallslega þóknun í samræmi við það tímabil sem hann sinnir viðskiptavaktinni.
- ii. 1/3 hluti þóknunar reiknast af markaðshlutdeild aðalmiðlara í viðskiptum allra aðalmiðlara í NASDAQ OMX á Íslandi (viðskipti tilgreind „AUTO“) með þá flokka sem tilgreindir eru í 5. gr. næstliðna sex almanaksmánuði. Við útreikning á þóknun verður einungis tekið tillit til viðskipta aðalmiðlara en ekki viðskipta annarra miðlara hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki.

Tímabil uppreiknings þóknana er frá og með 25. maí 2017 til 24. nóvember 2017 og frá og með 25. nóvember 2017 til 24. maí 2018.

Greiðsla þóknunar samkvæmt ofangreindu skal eiga sér stað innan sjö daga frá lokum tímabils.

Reykjavíkurborg greiðir þátttakendum í útboði 0,15% þóknun af söluverði þeirra skuldabréfa sem viðkomandi kaupir í hverju útboði.

5. gr.

### Flokkar skuldabréfa

Skuldabréfaflokkarnir og lágmarkstilboðsskylda hvers flokks sem samningur þessi nær til varðandi viðskiptavakt á eftirmarkaði er eftirfarandi:

Skuldabréfaflokkur	Tilboðsskylda
RVK 53 1	50 m.kr.
RVKN 35 1	20 m.kr.
RVK 19 1	20 m.kr.

6. gr.

### Áhrif markaðstruflana

Ef alvarleg truflun verður á markaði getur Reykjavíkurborg að undangengnum símafundi og að fenginni umsögn aðalmiðlara, fellt einstök ákvæði þessa samnings tímabundið úr gildi.

Viðskiptavaka er jafnframt heimilt, í samráði við Reykjavíkurborg, að falla frá skyldum sínum skv. samningi þessum til þess að leggja fram kaup- og sölutilboð, tímabundið eða varanlega, hvenær sem er á samningstímanum ef markaðsaðstæður eru með þeim hætti að verðmyndum með skuldabréfin í kauphöll NASDAQ OMX á Íslandi er óviss, hrun verður á markaði, viðskipti er stöðvuð tímabundið eða þeim hætt eða ef staða Reykjavíkurborg er þannig háttáð að óvissa er um getu hennar til þess að standa við greiðsluskuldbindingar sínar.

7. gr.

### Samskipti og upplýsingagjöf

Aðalmiðlari skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg heldur fundi með aðalmiðlurum eftir því sem hann telur þörf á.

8. gr.

### Fyrirgreiðsla til aðalmiðlara

Reykjavíkurborg veitir viðskiptavökum sérstaka fyrirgreiðslu og eru reglur um hana í viðauka sem fylgir þessum samningi og heldur gildi sínu á meðan samningur þessi er í gildi. Fyrirgreiðslan felst í því að aðalmiðlarar mega einir fá sérstök verðbréfalán hjá Reykjavíkurborg, gegn tryggingu.

HÖS

9. gr.

### Kaup útgefanda á eigin bréfum

Til þess að styðja við eðlilega verðmyndun getur Reykjavíkurborg keypt skuldabréf sín af viðskiptavökum og skal hann gefa þeim öllum færi á að bjóða bréf til sölu.

10. gr.

### Ábyrgð

Aðilar sammingsins eru undanþegnir ábyrgð á tjóni, beinu eða óbeinu, sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (Force Majeure), s.s. breytingu á lögum, aðgerðum yfirvalda, náttúruhamförum, hryðjuverkum, styrjöldum, rafmagnsleysi, bilun á fjarskiptasambandi, atvikum sem valda vatnstjóni, eldsvoða, verkfalli, hafnbanni, viðskiptabanni eða verkabanni. Að því er varðar verkfall, hafnbann, viðskiptabann og verkabann gildir ofangreind undanþága frá ábyrgð jafnvel þó aðili sammingsins sé sjálfur þolandi eða gerandi í slíkri aðgerð.

Ef aðila er ekki unnt að efna skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, að hluta til eða öllu leyti, vegna óviðráðanlegra atvika, sbr. 1. málsgrein, er aðila heimilt að fresta því að efna þær skyldur þar til honum er það kleift.

Sammingsaðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem hann kann að valda gagnaðila sínum í tengslum við samning þennan ef fyrrnefndur sammingsaðili hefur hegðað sér í samræmi við almennt viðurkenndar hegðunarreglur. Sammingsaðili er einnig undanþeginn ábyrgð í öðrum tilvikum í samræmi við almennar reglur um skaðabætur.

11. gr.

### Nýir aðalmiðlarar

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að gera samhljóða samninga við nýja aðalmiðlara á samningstímanum og myndi slíkur samningur gilda frá undirskrift og ekki vera afturvirkur hvað varðar hlutdeild í þóknunum.

12. gr.

### Gildistími og uppsögn sammings

Samningur þessi tekur gildi 25. maí 2017 og gildir til 24. maí 2018. Telji annar sammingsaðilinn að alvarleg brot hafi verið gerð á samningi þessum getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Aðilar sammings þessa geta hvor um sig sagt honum upp hvenær sem er með einnar viku fyrirvara án þess að nefna fyrir því sérstakar ástæður. Uppsögn skal tilkynnt skriflega til mótaðila.

Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli sammingsaðila í tengslum við útgáfu skuldabréfa Reykjavíkurborgar og viðskiptavakt á eftirmarkaði hafi þeir verið til staðar.

1103

Reykjavík *10* maí 2017

f.h. Reykjavíkurborgar,  
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

---

f.h. Landsbanka Íslands

*Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir*  
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir  
Managing Director Markets  
Landsbankinn

*Viðaukasamningur við samning aðila um viðskiptavakt skuldabréfa á NASDAQ OMX á Íslandi og aðgang að útboðum.*

## **Samningur um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa**

Í dag gerðu Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Landsbanki Íslands hf., kt. 471008-0280, hér eftir nefndur *viðskiptavaki*, með sér samning um viðskiptavakt á NASDAQ OMX á Íslandi með tiltekin skuldabréf útgefanda hér eftir nefndur *aðalmiðlarasamningurinn*. Með vísan til 8. gr. aðalmiðlarasamningsins gera aðilar hans hér með sér þennan viðaukasamning um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa, hér eftir nefndur *viðauki*.

### **1. gr. Fyrirgreiðsla**

Samkvæmt 8. gr. aðalmiðlarasamningsins á viðskiptavaki kost á að fá tímabundið lánuð skuldabréf hjá útgefanda í flokki RVK 53 1, RVKN 35 1 og RVK 19 1 (hér eftir nefnd lánsbréf) gegn því að setja reiðufé að veði. Viðskiptavaki á kost á að fá lánsbréf að hámarki 200.000.000 kr. í flokki RVK 53 1 og 80.000.000 kr. í flokkum RVKN 35 1 og RVK 19 1. Miðað er við nafnverð hverju sinni.

Viðskiptavakar hafa einir aðgang að fyrirgreiðslu þessari eins og fram kemur í 8. gr. aðalmiðlarasamningsins.

### **2. gr. Lánstími**

Lánstími skal að hámarki vera 28 dagar, þ.e. vikudagur til sama vikudags fjórum vikum síðar. Beri uppgjörsdag upp á frídag skal uppgjör færast til síðasta viðskiptadags þar á undan í viðskiptakerfi NASDAQ OMX á Íslandi.

### **3. gr. Veð**

Viðskiptavaki skal leggja fram veð í formi reiðufjár inná bankareikning útgefanda. Reykjavíkurborg skal varðveita veðið með tryggum hætti og halda því aðgreindu frá öðrum eignum sínum.

Ávöxtun veðsetts reiðufjár skal taka mið af innlánsvöxtum Seðlabanka Íslands á samningsdegi að frádregnu 1.00% (prósentustigi).

### **4. gr. Upphaf viðskipta**

Viðskiptavaki getur óskað eftir að fá lánuð verðbréf hjá Reykjavíkurborg þar til 20 mínútum eftir lokun í NASDAQ OMX á Íslandi alla viðskiptadaga (eigi síðar en kl. 15:50.) Lánsbeiðni þarf að senda í tölvupósti til Reykjavíkurborgar á tilsettum tíma og henni þarf tafarlaust að fylgja eftir með símtali svo tryggt sé að hún komist til skila.

Berist jákvætt svar frá Reykjavíkurborg skal viðskiptavaki leggja fram veð eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi (eigi síðar en kl. 16:05).

Reykjavíkurborg skal afhenda lánsbréfin í síðasta lagi 50 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi daginn sem lánsamningur er gerður, að því tilskyldu að veð hafi sannarlega verið lagt fram.

## 5. gr. Samningur

Reykjavíkurborg og viðskiptavaki skulu hverju sinni gera með sér lánsamning þar sem fram kemur m.a.:

- Lýsing á verðbréfum þeim sem notuð eru í viðskiptunum
- Fjöldi verðbréfa sem samningur nær yfir
- Uppgjörsdagur
- Upphafs- og lokaverð
- Fjárhæð reiðufjár sem lagt er fram til tryggingar láninu
- Vörslureikningsnúmer útgefanda og reikningsnúmer viðskiptavaka vegna reiðufjár sem viðskiptavaki afhendir sem veð.

Viðskiptavaki skal afhenda Reykjavíkurborg undirritaðan lánsamning í síðasta lagi kl. 12 á hádegi næsta viðskiptadag í NASDAQ OMX á Íslandi.

## 6. gr. Uppgjör

Á uppgjörstegi samnings skal viðskiptavaki skila lánsbréfunum á reikning Reykjavíkurborgar hjá Verðbréfaskráningu Íslands eigi síðar en 20 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi.

Þegar viðskiptavaki hefur skilað lánsbréfunum skilar útgefandi hinu veðsetta til viðskiptavaka, eigi síðar en 35 mínútum eftir lokun NASDAQ OMX á Íslandi.

Reiðufé skal skilað inná reikning viðskiptavaka, ásamt áföllnum vöxtum, sem tilgreindur er í lánsamningi aðila.

## 7. gr. Vanefndir

Afhendi aðilar ekki lánsbréfin eða eftir atvikum veðsett reiðufé á uppgjörstegi skv. lánsamningi skal viðkomandi aðili greiða dráttarvexti eins og þeir eru skráðir hjá Seðlabanka Íslands síðasta viðskiptadag fyrir viðskiptin. Dráttarvextir reiknast af upphafsverði lánsbréfanna eða höfuðstól reiðufjárveðs, frá uppgjörstegi skv. lánsamningi og þar til lánsbréfum eða eftir atvikum hinu veðsetta reiðufé hefur verið skilað.

Telji viðskiptavaki sýnt að Reykjavíkurborg muni ekki geta skilað veðtryggingu gegn skilum á lánsbréfum, varanlega eða tímabundið, skal viðskiptavaka heimilt að halda lánsbréfum eftir meðan slíkt ástand varir.

Líði þrír viðskiptadagar frá því lánsamningurinn rann út án þess að lánsbréfunum eða eftir atvikum hinu veðsetta sé skilað, hefur sá aðili sem ekki hefur vanefnt afhendingu, heimild til að selja þau bréf sem hann hefur í vörslum sínum og verja andvirði þeirra, eða eftir atvikum veðsettu reiðufé, til að kaupa sambærileg skuldabréf í stað þeirra sem ekki eru afhent á uppgjörstegi. Þeim aðila sem ekki er í vanskilum er einnig heimilt að innheimta kostnað og bætur fyrir þann beina skaða sem hlýst af vanefndum gagnaðila. Ef andvirði hins veðsetta eða eftir atvikum lánsbréfa, sem ekki eru réttilega afhent á uppgjörstegi, er umfram kostnað við endurkaup skv. framangreindu rennur mismunurinn til þess sem vanefnt hefur lánsamninginn.



Brjótí viðskiptavaki gegn ákvæðum viðauka þessa getur Reykjavíkurborg jafnframt án fyrirvara útilokað viðskiptavaka frá frekari viðskiptum, sem undir viðaukann falla.

#### **8. gr. Þóknun og annar kostnaður**

Reykjavíkurborg er heimilt að reikna sér þóknun sem nema skal 20.000 kr. fyrir hvern lánsamning sem gerður er. Þóknun skal greidd á samningsdegi.

Falli kostnaður á Reykjavíkurborg vegna vörslu hins veðsetta á samningstímanum, t.d. skráningar-, vörslu- eða færslugjöld, er Reykjavíkurborg heimilt að innheimta hann hjá viðskiptavaka.

#### **9. gr. Greiðslur af lánuðum verðbréfum**

Ef greiðslur í formi arðs, vaxta eða afborgana eru inntar af hendi vegna lánsbréfa í vörslu viðskiptavaka ber viðskiptavaka að greiða Reykjavíkurborg umræddar greiðslur sem og aðrar greiðslur sem flokkurinn ber. Við greiðslu á viðskiptavaki kost á að fá afhent til baka hluta veða sem svara til lækkunar lokaverðs lánsbréfs vegna greiðslunnar.

Reykjavíkurborg er heimilt að krefjast dráttarvaxta ef greiðslur skv. ofangreindu, sem réttilega hafa borist viðskiptavaka, eru ekki inntar af hendi á gjalddaga. Jafnframt er Reykjavíkurborg heimilt að krefjast aukinna trygginga ef slíkar greiðslur eru ekki inntar af hendi innan þriggja daga frá gjalddaga.

#### **10. gr. Gildistími**


Viðauki þessi tekur gildi 25. maí 2017 og gildir til 24. maí 2018, eins og meðfylgjandi samningur milli aðila um viðskiptavakt skuldabréfa á NASDAQ OMX á Íslandi. Viðauki þessi skal falla úr gildi á sama tíma og samningurinn.

Viðskiptavaka er þó heimilt hvenær sem er á gildistíma lánsamnings skv. 5. gr. að skila lánsbréfum þótt uppgjörsdagur sé ekki kominn og fá endurgreidda veðtryggingu í samræmi við 6. gr. samnings þessa.

Reykjavík, 16 maí 2017.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Landsbanka Íslands



Hrefna-Ósp Sigfinnsdóttir  
Managing Director Markets  
Landsbankinn

